

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 23. mars 2010 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2009 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 1, þriðjudaginn 23. mars 2010 kl. 17:30. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Jón Þór Grímsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2009.
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2009 er aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgangur ársreiknings sjóðsins.
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr.
- 7) Kosning varamanna.
- 8) Laun stjórnarmanna.
- 9) Laun skoðunarmanna.
- 10) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári. Stjórn sjóðsins er skipuð 6 mönnum. Þrír stjórnarmenn eru skipaðir af sjóðfélögum til 2 ára í senn, en þeir eru nú Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson. Síðan eru stjórnarmenn aðildarfyrtækjanna Þrír, Atli Atlason, Ingvar A Sigfússon og Hermann Björnsson.

Starfsmenn sjóðsins eru 4 og hefur sjóðurinn nú loks flutt í nýtt húsnæði við Skipholt 50b eftir að hafa verið í bráðabirgðahúsnæði í 12 ár.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega. Auk hefðbundinna starfa stjórnar sem felast m.a. í athugun á úrskurðum um elli-, örorku, maka- og barnalífeyri og lánsúmsókna, vann stjórnin mikið með tryggingafræðingi og lögfræðingi sjóðsins. Auk þess vann stjórnin mikið með endurskoðendum vegna innri og ytri endurskoðunar og skýrslugerðar til Fjármálaeftirlitsins. Friðbert gat þess að stjórnin hafi, í samræmi við ný lög, skipað endurskoðunarnefnd fyrir sjóðinn.

Hámark sjóðfélagalána er nú 25 milljónir króna til allt að 40 ára og vextir lánanna eru nú 4,5%, en þeir eru óbeint tengdir vöxtum Íbúðalánasjóðs. Lítið var um lánsumsóknir á árinu vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Því næst vék Friðbert að umfjöllun um deildir sjóðsins og byrjaði á Hlutfallsdeild. Frá árinu 2006 var unnið að því að koma eignum sjóðsins í íslenskar krónur, en árið 2006 voru u.þ.b. 14,5% af eignum deildarinnar í erlendum gjaldmiðlum. Í árslok 2007 var búið að selja öll erlend hlutabréf. Eftir þann tíma fjárfesti deildin mikið í íbúðabréfum þar sem reynt var að para saman gjalddaga íbúðabréfanna við útgreiðslu lífeyris, en stefnan er að eiga íbúðabréfin til lokagjalddaga þeirra. Auk þess hefur verið samið við bankana um verðtryggða reikninga til allt að 7 ára á góðum vöxtum, en þetta fyrirkomulag gefur Hlutfallsdeildinni jafna ávöxtun sem er nauðsynlegt þar sem deildin þolir illa sveiflur í ávöxtun. Deildin var með rúma 4 milljarða króna í vörslu hjá Landsbankanum og Arion banka, og um 21 milljarð króna utan fjárvörslu í árslok 2008, en allar eignir deildarinnar eru nú í íslenskum krónum. Hrein eign í lok árs 2008 var tæplega 29 milljarðar króna. Innkoman var tæplega 2,4 milljarðar króna árið 2009 þannig að hrein eign 31. desember 2009 var rúmlega 31 milljarður króna. Nafnvávöxtun var 9,85% og raunávöxtun var 3,08%. Síðastliðin 12 ár er meðalraunávöxtun 3,39%, en sjóðurinn þarf að lágmarki að vera með 3,5% raunávöxtun. Friðbert fór þessu næst yfir niðurfærslur verðbréfa, en heildarniðurfærsla þann 31. desember 2009 er um það bil 500 milljónir króna.

Friðbert sagði að greiðandi sjóðfélögum hefði fækkað um 40 og væru núna 453. Greiddur lífeyrir er tæplega 1.400 milljónir króna, en inngreiðslur voru 334 milljónir króna á árinu. Fjöldi sjóðfélaga með lífeyri er 696 og fjölgaði þeim um 40 á árinu.

Friðbert gat þess að helsta óvissan varðandi þessa deild er lengri lífaldur, sérstaklega hjá körlum, og aukin örorkubyrði. Tryggingarfræðileg staða er komin niður í -5,79. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að skerða réttindi núna, en samkvæmt lögum þarf að skerða réttindi ef niðurstaðan er undir -5,00 í 5 ár. Þar sem vextir eru almennt á niðurleið telur Friðbert að það geti orðið erfitt að ná 3,5% raunávöxtun eins og stefnt er að, en helst þyrfti sjóðurinn að vera með u.þ.b. 5% raunávöxtun að sögn Friðberts.

Þessu næst snéri Friðbert sér að umfjöllun um Aldursdeild, en henni var breytt úr Stigadeild árið 2008. Öll réttindaávinnsla í deildinni er í samræmi við aldur sjóðfélaga og iðgjöld. Þeir sem yngri eru fá meiri réttindi en þeir eldri fyrir sömu inngreiddu iðgjöld. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var rúmir 10 milljarðar króna í árslok 2008 en við bætum við okkur rúmlega 2,2 milljörðum króna á árinu 2009 og var því hrein eign í árslok 2009 til greiðslu lífeyris tæpir 12,5 milljarðar króna. Hrein nafnvávöxtun deildarinnar var 8,95%, en hrein raunávöxtun var 2,18%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin tólf ár er 3,57%. Eignir voru í lok árs u.þ.b. 86% í íslenskum krónum og 14% í erlendum myntum. Sjóðurinn þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun, en Aldursdeildin þolir vel sveiflur í ávöxtun.

Friðbert fór jafnframt yfir niðurfærslur á verðbréfum í eigu Aldursdeildarinnar. Stærsta niðurfærslan er vegna fjárfestinga í BYR sparisjóði, en heildarniðurfærsla þann 31. desember 2009 er 447 milljónir króna.

Veruleg fækkun varð á sjóðfélögum í Aldursdeild á árinu þar sem fleiri hundruð manns misstu vinnuna. Í árslok 2009 voru 1800 virkir sjóðfélagar, en 77 fengu lífeyrisgreiðslur. Í Aldursdeildinni eru miklu hærri inngreiðslur en útgreiðslur. Inngreiðslur voru 1,2 milljarðar króna en útgreiðslur voru 71 milljónir króna, þar af um helmingur vegna örorku. Allir nýráðnir starfsmenn greiða til Aldursdeildar.

Friðbert sagði að niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar fyrir deildina væri -3,66 en hún þyrfti að vera undir -5 í 5 ár til þess að bregðast þyrfti við.

Að lokum gat Friðbert þess að búið væri að segja upp fjárvörslusamningum. Allar eignir sem hægt er að flytja eru komnar til sjóðsins eða eru í umsjón og innheimtu hjá Landsbankanum eða Arion banka.

Fundarstjóri gerði tillögu um að skýrslan yrði rædd eftir að ársreikningur hefði verið kynntur og gerði enginn athugasemd við það.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór hann yfir hvora deild fyrir sig.

Fyrst fór Sigtryggur yfir breytingar á hreinni eign Hlutfallsdeildar. Í Hlutfallsdeild voru iðgjöld á árinu 2009 rúmar 334 milljónir króna sem er lækun um 3,65% frá fyrra ári og skýrist lækunin af því að deildinni hefur verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Greiddur lífeyrir hækkað um 20,7% á milli ára og var rúmir 1,3 milljarðar króna, þar af var örorkulífeyrir u.þ.b. 89 milljónir króna, eða 6,55% af greiddum lífeyri. Hrein eign deildarinnar í lok árs 2009 voru rúmir 31 milljarðar króna og var raunávöxtun ársins 3,08% sem er verulegur bati milli ára. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning deildarinnar.

Að lokinni umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild fór Sigtryggur yfir Aldursdeild og byrjaði hann þar einnig á að fara yfir breytingar á hreinni eign deildarinnar. Í Aldursdeild voru iðgjöld sjóðfélaga 446 milljónir króna, en greiddur lífeyrir var 71 milljónir króna. Hrein eign deildarinnar var u.þ.b. 12,4 milljarðar króna og var raunávöxtun deildarinnar 2,18% sem er verulegur bati á milli ára. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning deildarinnar en benti jafnframt á mjög ítarlegar skýringar endurskoðanda með ársreikningnum sjálfum varðandi báðar deildirnar.

Eftir skýrslu framkvæmdastjóra gaf fundarstjóri orðið laust um skýrsluna og reikninga deildanna. Þá tók til máls Guðríður Kristjánsdóttir og spurði af hverju ráðinn hefði verið nýr starfsmaður í ljósi þess að enginn hefði hætt hjá sjóðnum og í ljósi þess að þess að greiðandi sjóðfélögum færi fækkandi. Auk þess spurði Guðríður um hlutverk þessa starfsmanns. Friðbert svaraði því til að öðrum starfsmanni hafi verið bætt við vegna aukinna verkefna þar sem sjóðurinn hefði fært inn á skrifstofuna ýmislegt sem áður hefði verið keypt af öðrum aðilum t.d. utanumhald tengt fjárvörslu, skýrslugerðir o.fl. Að sögn Friðberts þá veitti ekki af fjölguninni.

Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans voru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins www.lifbank.is. Bjarni fór yfir helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirliggjandi skýrslum um báðar deildir. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri úttekt eru verðmæti eigna sjóðsins og iðgjöld borin saman við skuldbindingar til greiðslu lífeyris samkvæmt gildandi samþykktum.

Því næst fór Bjarni yfir stöðuna í Hlutfallsdeild. Áfallnar skuldbindingar nefnast skuldbindingar vegna iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins fram til loka árs 2009. Til að standa undir þessum skuldbindingum hefur sjóðurinn yfir að ráða eignum. Við metum því eignirnar á móti skuldbindingunum. Í mati á skuldbindingum reiknum við út hvað við þurfum að eiga miklar eignir til að geta staðið undir útgreiðslum m.v. 3,5% raunávöxtunarkröfu. Þannig getum við sagt að við séum að nota sömu ávöxtunarkröfu eigna og skuldbindinga. Í dag er kominn lítill halli í Hlutfallsdeild þar sem við þyrftum að vera með 3,6% raunávöxtun til að eiga nóg ef eignum til að mæta skuldbindingum að sögn Bjarna. Í framtíðinni er gert ráð fyrir því í útreikningum að sjóðfélagar haldi áfram að greiða þar til þeir verða 67 ára. Verðmæti framtíðargreiðslna er u.þ.b. 2,9 milljarðar króna en framtíðarréttindi eru u.þ.b. 4 milljarðar króna og er því um 25% halli í Hlutfallsdeildinni. Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna var sú varðandi Hlutfallsdeild að eignir eru -5,8% umfram skuldbindingar og hefur staða deildarinnar versnað frá síðustu tryggingafræðilegu úttekt, en þá voru eignir -3% umfram skuldbindingar. Niðurstaðan nú er að mati Bjarna innan þeirra marka sem ákvæði laga nr. 129/1997 tilgreina. Bjarni lauk umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild með því að nefna að helsta áhyggjuefni deildarinnar væri hvenær fólk færi á lífeyri, en í útreikningum er miðað við 67 ára aldur.

Næst fór Bjarni yfir Aldursdeild. Að sögn Bjarna er framtíðarstaðan í jafnvægi. Við sjáum hins vegar halla í áföllnu stöðunni upp á 11,3% sem er meiri en í Hlutfallsdeildinni. Heildarniðurstaða tryggingarfræðilegar úttektar Bjarna var sú varðandi Aldursdeild að eignir eru -3,7% umfram skuldbindingar og hefur heildarniðurstaðan versnað nokkuð frá síðustu úttekt þar sem eignir voru -1,9% umfram skuldbindingar. Bjarni tók fram að þótt það ætti ekki að vera halli á áunnu stöðunni í svona aldurstengdu kerfi þá væri niðurstaða úttektarinnar innan þeirra marka sem ákvæði laga nr. 129/1997 tilgreina og það er því ekki skylda hjá sjóðnum til að gera ráðstafanir í stöðunni samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingarfræðilega úttekt og var borin fram fyrirspurn um það hver væri munurinn á örorkulífeyri og ellilífeyri. Fundarstjóri og Friðbert svöruðu spurningunni ítarlega og kom meðal annars fram í svari þeirra að örorka greiðist einungis ef fólk lendir í áföllum fyrir 67 ára aldur, en það hefur ekki áhrif á lífeyrinn eftir þann dag sem viðkomandi verður 67 ára.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins

Þá tók til máls Friðbert Traustason, formaður, og gerði hann grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Friðbert fór yfir skiptingu fjárfestinga eftir tegundarflokkum þar sem farið var yfir stöðu fjárfestinga hvorrar deildar sjóðsins m.v. desember 2009. Auk þess fór Friðbert yfir markmið um eignasamsetningu, vikið, auk þess sem farið var yfir hámark og lágmark fjárfestinga eftir tegundum.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki.

6) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr.

Næst fór fram kosning stjórnarmanna. Fyrir fundinum lá tillaga um að Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson, sem öll eru núverandi stjórnarmenn, yrðu kjörin, en þessi þrjú höfðu skilað inn framboðum til stjórnar í samræmi við samþykktir. Þar sem ekki höfðu komið fram fleiri framboð voru þau sjálfkjörin.

7) Kosning varamanna.

Næst fór fram kosning varamanna í stjórn. Fyrir fundinum lá tillaga um að 1. varamaður yrði kjörinn Kjartan Sigurgeirsson, 2. varamaður yrði kjörin Nanna Harðardóttir og Bryndís Pétursdóttir yrði kjörin 3. varamaður. Fleiri tillögur höfðu ekki borist stjórn og voru þau því sjálfkjörin.

8) Laun stjórnarmanna

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 50.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnarmanns. Laun varamanna kr. 25.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 50.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt.

9) Laun skoðunarmanna

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 25.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhljóða.

10) Önnur mál

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið skv. samþykktum.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og spurði hvort það væru nokkrir áttahagafjötrar sem binda ársfundinn við þennan fundarstað og taldi Guðríður að það kynni að vera betra að halda fundinn á öðrum stað þar sem glærur sæjust betur. Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri, svaraði Guðríði og í svari hans kom fram að ávallt væri óvissa hversu margir myndu mæta en hægt væri að stækka salinn ef þörf krefði auk þess sem það hefði skapast hefð fyrir því að halda fundinn á þessum stað og því gæti það valdið misskilningi og óþarfa ruglingi að færa fundarstað annað.

Því næst var fundi slitið klukkan 18:50. Fundarmenn voru um það bil 65 talsins.

Reykjavík, ____mars 2010

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Hinrik Greipsson

Jón Þór Grímsson